

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (vernd votlendis).

Flm.: Andrés Ingi Jónsson, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir,
Björn Leví Gunnarsson, Gísli Rafn Ólafsson,
Halldóra Mogensen, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

Orðin „20.000 m² að flatarmáli eða stærri“ í a-lið 1. mgr. 61. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella brott stærðarmörk sem miðað er við til að votlendi njóti sérstakrar verndar laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Endurheimt votlendis er mikilvæg aðgerð til að draga úr losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum, en ekki síður er mikilvægt að vernda óraskað votlendi til að ekki sé aukið á vandann. Þá eru votlendi sérstaklega mikilvæg vistkerfi á heimsvísu og styður aukin vernd þeirra við líffræðilegan fjölbreytileika. Þrátt fyrir það hefur líklega verið gengið meira á votlendi en nokkurt annað meginvistkerfi jarðar. Frumvarpi þessu er þannig ætlað að vinna samhliða gegn loftslagsvánni og hnignun vistkerfa, tveimur af stærstu áskorunum samtímans.

Náttúruverndarlög kveða á um að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Leyfisveitandi þarf m.a. að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en leyfi er veitt og þarf að rökstyðja sérstaklega fari ákvörðun hans í bága við umsagnir umsagnaraðila.

Í eldri lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, voru stærðarmörk votlendis sem nutu sérstakrar verndar þrír hektarar. Mörkin voru færð niður í einn hektara með nýjum náttúruverndarlögum, nr. 60/2013, en svo hækkuð í tvo hektara með lögum nr. 109/2015. Hækkunin var ekki rökstudd að öðru leyti en því að ekki þyrfti að ganga svo langt að mati þáverandi ráðherra. Aftur á móti er staðreyndin sú að mjög lítið er eftir af stórum óröskuðum votlendis-svæðum, en algengara er að minni svæði hafi sloppið við röskun. Stærð svæða getur verið slæmur mælikvarði á mikilvægi þeirra, þar sem þau eru oft hluti af stærri heild og geta haft mikla þýðingu í því samhengi. Því er mat flutningsfólks að nauðsynlegt sé að afnema stærðarmörk og krefjast þannig sérstaks rökstuðnings fyrir öllum áformum um frekari röskun þessara mikilvægu svæða.